


STJÖRNUVERIÐ

Pakka þér fyrir heimsóknina í Stjörnuverið.

Stjörnuhiminninn er hluti að umhverfinu okkar. Ef þú þekkir Karlsvagninn og Pólstjörnuna geta þessi kennileiti himinsins fylgt þér hvert sem er. Þau sjást á himninum hvaðan sem er á norðurhveli jarðar. Munið nú að klæða ykkur mjög vel áður en þið farið út. Stjörnuskoðun er skemmtileg iðja en ef manni er kalt er ekki gaman.



Á kortinu sést Stóribjörn og fleiri norðlæg stjörnumerki sem eru hátt á himni á haustkvöldum. Sjö björtustu stjörnur Stórabjarnar mynda Karlsvagninn. Á stjörnu björtu kvöldi getur þú reynt að finna stjörnumerkin með hliðsjón af kortinu. Manstu hvernig á að rekja sig frá Karlsvagninum á Pólstjörnuna?

Hérna sérðu tunglið. Eins og sjá má er það flekkótt og alsett gígum. Hefurðu reynt að skoða tunglið með kíkí? Þá getur þú séð marga gíga í yfirborði þess.



Glöggur geimfari býr í Vísindaveröldinni í Húsdýragarðinum. Hann mælir með því að skoða tunglið og stjörnumerkið.

